

Ed.

232. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 36 28. nóv. 1919, um þingfararkaup alþingismanna.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Á eftir fyrri málgr. 2. gr. laganna komi ný málgr., svo hljóðandi:

Ríkisstjórnin sér hverjum þeim þingmanni, sem búsettur er utan Reykjavíkur, fyrir leigulausum bústað á meðan á þingi stendur, enda hafi hann borið fram ósk um það með hæfilegum fyrirvara. Þeir utanbæjarþingmenn, sem sjálfir sjá sér fyrir húsnæði, skulu fá húsaleigustyrk eftir mati þingfararkaupsnefndar. Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa hús eða kaupa hús fyrir þingmannabústað og að verja nægilegu fé úr ríkissjóði til þess. Rekstrarkostnaður þingmannabústaðar telst með alþingiskostnaði. Til bráðabirgða er og ríkisstjórninni heimilt að leigja húsnæði til þessara nota.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.